

GJALDSKRÁ

vegna lausagöngu búfjár í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Af lausu búfé í Vestmannaeyjabæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði vegna lausagöngu búfjár, sbr. 6. gr. samþykktar um búfjárhald í Vestmannaeyjabæ nr. 245/2015.

2. gr.

Við handsömun eða önnur afskipti af lausagöngubúfé skal innheimta gjald sem hér segir:

Fyrir hvert dýr	kr. 7.500
Vörslugjald fyrir hvern byrjaðan sólarhring	kr. 1.875

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 24. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra og staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, sbr. samþykkt um búfjárhald í Vestmannaeyjum nr. 245/2015 til að öðlast gildi við birtingu.

Vestmannaeyjum, 19. febrúar 2015.

Ólafur Þór Snorrason,
framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2015